

Óvarlega spád.

—0—

Hinn mikli lærdómsmaður, dr. Hannes Þorsteinsson, kemst þannig að orði í fróðlegri minningargrein um síra Guðlaug heitinn Guðmundsson (Vísir, 16. þ. m.): „Má vænta þess . . . að hann hafi nú fengið að sjá lönd eilífðarinnar, björt og fögur í allri sinni dýrð, hinu megin við fortjaldið milli lífs og dauða, er aldrei mun takast að lyfta, meðan dvalist er í þessum heimi.“

Dr. Hannes spáir því þannig, að aldrei muni auðið verða, hér á jörðu, að fá neina þekkingu á lífinu eftir dauðann. Reynoldsan hefir sýnt, að spár af þessu tagi eru mjög varasamar. Er þar ágætt dæmi spá franska heimspekingsins Auguste Comte, er hann sagði það fyrir, að efnafræðin mundi aldrei ná til stjarnanna — fáeinum árum áður en það tókst að finna aðferð til að færa þannig út svið efnafræðinnar. Og spá sú, sem hér ræðir um, er jafnvel ennþá eftirtektarverðari en spá Comtes, þar sem það hefir nú þegar tekist, að fá fullkomlega áreiðanlega náttúrufræðilega þekkingu á lífinu eftir dauðann.

En vitanlega heyrir þetta mál undir náttúrufræðina. Rannsóknarefni þetta, lífið eftir dauðann, er náskýlt framhaldi tegundarinnar í nýjum einstaklingum, og þó enn meir, viðhaldi líkamans. Krafturinn, sem hefir skapað líkamann og heldur honum við, liður ekki undir lok í dauðanum. Rannsóknir próf. H. Driesch og annara, hafa ótvíræðlega leitt í ljós, að hinn skapandi og endurskapandi, viðhaldandi (regenererandi) kraftur, heyrir ekki til efnunn þeim, sem líkaminn er gerður af, heldur aflsvæði. Og þegar líkami sá, sem gerður er af efnun þessarar jarðar, verður óhæfur til lífs, þá tekst í öðrum stað að skapa (regenerera) nýjan líkama.

Með því að ihuga rækilega ýmislegt sem þegar er kunnugt í náttúrufræði, og bera nógu vandlega saman ýmsan fróðleik, sem framliðnir hafa reynt að láta oss í té, má fá glögga og áreiðanlega vitneskju um það, hvernig lífið eftir dauðann er í aðalatriðum. Verður oss þá fullkomlega ljóst, að lífið hér á jörðu er aðeins byrjun, og að eftir dauðann hér, er líf að áfram, ekki þó í neinum öðrum heimi, heldur í þessum

sama, ótrúlega mikla og furðulega heimi, og með það markmið framundan, að gera að veruleika, alla þá möguleika til góðs, sem þessi mikla tilvera býr yfir.

En skilningurinn á þessu samræmi lífsins fyrir og eftir dauðann, þessari óumræðilega stórkostlegu einingu náttúrunnar, er svo mikilsvarðandi, að án hans verður lífinu hér á jörðu ekki komið í það horf sem vera þarf. Það mannkyn sem getur ekki öðlast þekkingu á þessum undirstöðuatriðum líffræðinnar, en lætur sér í þess stað, lynda ýmiskonar rangar trúarhugmyndir, getur aldrei komist á hina sönnu framfaraleið. En það er leið hins sífellt vaxandi og batnandi lífs.

24. mars.

Helgi Pjeturss.

Leiðrétting.

Í greininni Lífgeislan og magnan, hafði misprentast tilheyrandi f. tilsvarendi (útlendu orð).

Utskrift 28 mars 1931